



ÞALÖT: ÞAÐ SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA

HVAÐ ERU ÞALÖT?

Þalöt 1 eru hópur iðnaðarefna sem eru mikið notuð sem mýkiefni til þess að gera plast sveigjanlegra og endingarbetra. Hópurinn inniheldur mikið magn efna með mismunandi eiginleika og notkun.

Hvernig eru þalöt notuð?

Meginnotkun þalata eru til þess að mýkja hvítt plastefni (PVC) fyrir notkun á breiðu sviði neytendavara sem líklegt er að séu til staðar á heimili þínu. Þær innihalda vínigólfefni, lífm, hreinsiefni, lofffrískara, smyrjandi olíur, matvælaumbúðir og fatnað. Þalöt eru notuð í vörum til persónulegrar umhirðu, að meðtöldum sápum, sjampói, hárlakki, ilmvatni og naglalakki.

Þalöt eru einnig notuð á sviði leikfanga barna, til dæmis í vaxlitum, uppblásanlegum leikföngum, mótunarleir og bleki. Sum þalöt eru notuð sem húðun á læknislyfjum, fullbúnum jurtarlyfjum og fæðubótaefnum.

Að auki þá eru þalöt sem innihalda PVC notuð í pakkningar- byggingar- húsgagna- bifreiða- og fjarskiptageirum. Ákveðin notkun ber með sér verulegan ávinning til samfélagsins, s.s. notkun sveigjanlegs PVC í læknabúnaði og sem einangrun á vírum og köplum í rafmagnsbúnaði og í byggingum.

Sum þalöt eru bönnuð í Evrópu. Samt sem áður eru reglugerðir um þau ekki eins fyrir utan Evrópusambandið vegna mismunandi notkunareiginleika þeirra. Þess vegna má enn finna vörur sem innihalda þessi þalöt innan markaðs Evrópusambandsins.

Hvernig geta þalöt komist inn í líkama þinn?

Margar leiðir eru fyrir fólk til að verða fyrir váhrifum þalata, og tengist það mismunandi notkun þessara efna.

Ein leið er í gegnum neyslu matvæla og drykkja sem hafa verið geymd í ílátum sem innihalda þalöt. Börn geta orðið fyrir váhrifum með því að sjúga á plastleikföng eða vörur sem innihalda þalöt.

Önnur mikilvæg leið váhrifa er í gegnum notkun vara fyrir persónulega umhirðu sem innihalda þalöt. Váhrif geta einnig orðið í gegnum snertingu við efni og læknabúnað sem inniheldur þessi efni.

Í minna magni getur fólk einnig andað að sér litlu magni þalata í lofti innandyrna eða í ryki sem er losað frá plastvörum heima fyrir eða á vinnustaðnum. Börn eru líklegri til þess að verða fyrir váhrifum agna þalata í ryki vegna hand- og munnehgðunar þeirra.

Þegar þalöt hafa komist inn í mannslíkaman, þá á eru þau brotin niður í myndefni og skila sér út úr líkamanum frekar hratt í gegnum þvag.

AÐ SKILJA ÁHÆTTU VEGNA EFNA

Áhætta af skaða vegna einhverra efna er afleiðing þeirra hættu sem tengist efninu, saman með nálægð við efnið.

Hætta vísar til þeirra eiginleika efnisins sem gerir það eitruð, og þýðir að það geti valdið skaða á heilsu manns.

Váhrif lýsa því magni efnis sem einstaklingur kemst í snertingu við, ásamt tíðni váhrifanna.

Hugtakið **þröskuldur** er notað til þess að vísa til styrks eða stigs efnis sem fólk getur orðið fyrir váhrifum frá í samræmi við núverandi þekkingu, án þess að þjáast af neikvæðum áhrifum á heilsu. Váhrif upp að þessu stigi eru talin örugg. Sum efni geta valdið heilsuáhrifum við hvaða styrk sem er og eru talin hafa engan þröskuld. Fyrir slík efni, þá er ekkert stig váhrifa öruggt.

Hvernig geta þalöt haft áhrif á heilsu?

Vegna víðfemra nota þeirra og hversu líklegt er að manneskja verði fyrir daglegum váhrifum þalata, þá hafa vísindamenn tekið að sér rannsóknir til þess að rannsaka möguleg áhrif á heilsu. Það eru sannanir um að ákveðin þalöt séu eitruð og sem slík þá geta þau leitt til fjölda af krónískum sjúkdómum. Önnur þalöt sýna ekki þessa eiginleika og núverandi notkun er talin örugg.

Vísindalegar rannsóknir hafa komst að því að ákveðin þalöt² hafi áhrif á æxlunarkerfi dýra og voru þar af leiðandi flokkuð sem eitruð fyrir æxlun, sem þýðir að þau gætu skaðað frjósemi manna og valdið skaða á ófædda barninu. Þar að auki þá geta sum æxlunarskaðandi þalöt breytt virkni hormónakerfisins og þar af leiðandi valdið fjandsamlegum heilsuáhrifum í óskaddaðri lífveru eða á afkvæmi hennar. Þessi áhrif eru einnig til staðar í manneskjum, sem leiddi til þess að Evrópusambandið flokkaði ákveðin þalöt³ sem efni sem hafa áhrif á hormónakerfið, þekkt sem innkirtlatruflandi blanda. Evrópusambandið hefur gripið til ráðstafana til að lágmarka váhrif þessara efna, eins og lýst er hér að neðan.

Faraldsfræðilegar rannsóknir hafa komist að því að váhrif ákveðinna þalata tengjast offitu, insúlínviðnáms, asma, athyglisbrests og athyglisbrests (ADHD).

Tekið hefur verið eftir því að heildareiturvirki blöndu sem inniheldur nokkur aðgreind þalöt með sambærilegum eiginleikum getur verið reiknuð með því að leggja saman skammta eða styrk hvers einstaks efnis, og taka tillit til styrkleika (tengd eiturvirki).

Ákveðin einstaklingar innan samfélags eru berskjaldaðri við heilsuáhrifum vegna váhrifa þalata með eitureiginleikum, sérstaklega ung börn og barnshafandi konur.

¹ - Þalöt eru einnig þekkt sem þalatestri eða estri þalatsýru.

² - Eftirfarandi þalöt hafa verið skilgreind innan Evrópusambandsins sem eitruð fyrir æxlun. DEHP, BBzP, DnBP, DiBP, DCHP, DnPeP, DiPeP, DMEP, PIPP, DnHP, 1,2-Bensóltvíkarboxylsýra, tvípentýl estri, greinóttur eða línulegur.

³ - Eftirfarandi þalöt hafa verið skilgreind innan Evrópusambandsins sem innkirtlatruflandi blanda. DEHP, BBzP, DnBP, DiBP, DCHP





Váhrif manna af þalötum í Evrópu

Til þess að skilja váhrif manna af þalötum, þá eru niðurbrotsefni þeirra mæld í þvagi.

Lífvöktunarrannsóknir manna hafa fundið myndefni þalata í blóði eða þvagi þess mannfjölda sem fylgst var með, sem gefur til kynna að stór meirihluti íbúa Evrópu verði stanslaust fyrir váhrifum lágra skammta af þalötum. Myndefni þalata eru greind í mjög háu prósentuhlutfalli þess mannfjölda sem fylgst er með, og í sumum rannsóknum sem styðja við íbúa eru þau til staðar í hverjum einasta einstaklingi.

Nýlegar rannsóknir sýna minnkandi váhrif hættulegustu þalata eftir að bönn voru innleidd, sem sýnir að efnafræðilegar reglugerðir eru skilvirkar til að vernda heilsu manna. Samt sem áður, í nýlegum rannsóknum á þýskum börnum og sem styðja við íbúa, þá geta sum þalöt enn fundist í þeim sýnum sem eru prófuð.

Að greina þalöt í þvagi einstaklings þarf ekkert endilega að þýða að það hafi skaðað heilsu hans. Þetta fer eftir styrk, tímalengd váhrifa, aldri og heilsustöðu einstaklingsins sem um ræðir.

Lífvöktun manna felur í sér að taka lítil sýni blóðs, þvags eða hárs og mæla styrk efnis í sýninu. Mælingin ákvarðar heildarmagn efna í líkamanum, og táknar innlegg frá öllum mögulegum auðlindum. Sýni eru tekin helst frá miklum fjölda fólks, til þess að fá mynd af váhrifum í ákveðnum íbúahópum.

Af hverju er HBM4EU í þalötum?

HBM4EU vinnur að því að svara eftirfarandi lykilsurningum um þalöt, til þess að upplýsa um þróun á mögulegri áhættu á heilsu manna og til að styðja við örugga notkun.

- Hver eru núverandi váhrif þalata á íbúa innan Evrópusambandsins?
- Er þetta stig váhrifa áhyggjuefni fyrir heilsu?
- Valda aðrir mögulegir kostir en þalöt einnig áhættu á heilsu almennings?
- eru börn í meiri áhættu?
- Hver er megin uppspretta váhrifa þalata?

Fyrir frekari upplýsingar, skal vinsamlegast skoða HBM4EU heimasíða um þalöt.

Hvernig getur þú dregið úr váhrifum þalata?

Ef þú hefur áhyggjur, þá getur þú fylgt eftirfarandi skrefum til þess að draga úr váhrifum.

- Lesa skal vörumerkingar og velja að nota vörur sem eru lausar við þalöt þegar mögulegt er.
- Hreinsið og loftið út á heimili ykkar reglulega til þess að fjarlægja ryk, sem getur innihaldið þalöt sem losna frá vörum og húsgögnum.
- Veljið ferska framleiðslu frekar en forpökkuð og unnin matvæli og drykki.
- Athugið að neysluvörur sem búnar eru til með sveigjanlegu PVC eru líklegri til þess að innihalda þalöt.

Hvernig er Evrópusambandið að vernda borgara?

Evrópusambandið hefur tekið til aðgerða til þess að draga úr váhrifum þalata á borgara sem þekkt eru að valdi áhættu á heilsu.

- Nokkur þalöt (DEHP, BBZP, DiBP og DNBP) er ekki hægt að nota innan Evrópusambandsins án heimildar fyrir sérstaka notkun.
- DEHP, DNBP, DiBP og BBZP er óheimil í öllum leikföngum og hlutum til umönnunar barna, á meðan DINP, DIDP og DNOP eru ekki óheimil í leikföngum og hlutum til umönnunar barna sem er hægt að setja í munninn.
- Notkun þalata sem eru flokkuð sem eitruð fyrir æxlun eru óheimil í snyrtivörum.
- Evrópusambandið er að setja lagalegar takmarkanir fyrir styrk ákveðinna þalata (DEHP, BBZP og DNBP) í efnum sem ætlað er að komist í snertingu við matvæli.

Ef lítið er fram á veg, þá verður notkun þalata DiPeP, DnPeP, PIPP og DMEP óheimil í neytendavörum á markaði Evrópusambandsins frá júlí 2020. Frekari verkefni eru í gangi til þess að takmarka enn frekar notkun ákveðinna þalata innan Evrópusambandsins.

Samt sem áður, þegar váhrif manna af þalötum eru metin, þá er mikilvægt að taka til greina að vörur sem eru innfluttar frá löndum utan Evrópusambandsins með veikbygðari stjórnun gætu innihaldið þalöt sem eru óheimil innan Evrópusambandsins.

Þar að auki þá geta eldri vörur sem eru inni á heimilum manna og á vinnustöðum, sem voru framleiddar áður en þessi stjórn tæki voru innleidd sem lýst var hér að ofan, innihaldið þalöt sem eru núna óheimil. Þalöt, að meðtöldum þalötum með hættulegum eiginleikum, eru þar af leiðandi enn til staðar í daglegu umhverfi okkar.

